

Mánudaginn 23. maí 1966.

Nr. 60/1966. **Guðjón Steingrímsson**
 gegn
Ólafi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.
 Um stefnubirtingu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. apríl 1966, sem Hæstarétti barst 29. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 19. marz 1966 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili í héraði m. a. á hendur varnaraðilja til greiðslu víxils þess, sem í hinum kærða dómi greinir og varnaraðili hafði samþykkt. Sóknaraðili kveðst hafa sent stefnu í máli þessu til stefnuvotta Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu til birtingar. Hafi stefnuvottarnir látið stefnda, Ólaf bónda Jónsson, Oddhóli, rita á stefnuna þessa yfirlýsingu: „Mér löglega birt 28. febrúar 1966. Ólafur Jónsson.“ Að svo búnu hafi stefnuvottarnir sent sóknaraðilja stefnuna um hæl með bréfi 28. febrúar og kvittuðum reikningi. Þá hefur sóknaraðili lagt fram í Hæstarétti svohljóðandi „Vottorð. Ár 1966, hinn 28. dag febr. mán., var Ólafi Jónssyni, bónda Oddhóli, Rangárvöllum. birt stefna, útg. af hr. Guðjóni Steingrímssyni hrl., Linnetsstíg 3, Hafnarfirði, vegna víxilskuldar við Sparisjóð Hafnarfjarðar, að upphæð kr. 30.000.00, auk kostnaðar.

Þetta vottast hér með.

Selalæk, 23. marz 1966

Jón Egilsson
(hreppstj. Rangárv.h.)

Þórður Bogason
stefnuvottur“

Telur sóknaraðili sig með gögnum þessum hafa sannað, að stefnan á hendur varnaraðilja hafi verið löglega birt og því beri að taka kröfur sínar í kærumáli þessu til greina. Samkvæmt 92. gr. laga nr. 85/1936 skulu stefnuvottar, þá er þeir hafa birt stefnu, rita á hana eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund). Í vottorðinu skulu stefnuvottarnir skírskota til stefnuvottaheitis síns og taka það fram, að þeir staðfesti vottorðið með eiginhandar nöfnum sínum. Að lokum ber þeim að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það. Stefnuvottar Rangárvallahrepps gættu eigi þessara reglna hinn 28. febrúar 1966, þá er þeir birtu varnaraðilja stefnuna. Héraðsdómari frávísaði því málinu á hendur varnaraðilja réttilega, og verður hinum rétta frávisunardómi eigi hrundið með því að kæra hann og leggja fram í Hæstarétti síðar gefið vottorð stefnuvotta um birtinguna. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz s.l., er höfðað fyrir dómnum með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1966 af Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, Hafnarfirði, gegn Ólafi Jónssyni, Oddhóli, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og Ásgeiri Guðbjartssyni, Arnarhrauni 35, Hafnarfirði, og birtri stefnda Ásgeiri 26. febrúar s.l., til greiðslu víxils að fjárhæð 30.000.00 krónur, útgefins 7/8 1965 af stefnda Ásgeiri Guðbjartssyni og samþykkt af stefnda Ólafi Jónssyni til greiðslu í Sparisjóði Hafnar-

fjarðar hér í bæ 7/10 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 30.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 7/10 1965 til greiðsludags, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Ólafur Jónsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þar sem stefna, að því er varðar Ólaf Jónsson, hefur ekki verið birt með löglegum hætti, verður að vísa málinu frá, að því er hann varðar.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Benedikt Sveinsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi, að því er varðar kröfur á Ólaf Jónsson.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Mánudaginn 23. maí 1966.

Nr. 165/1963. **Elías Guðmundsson** (Barði Friðriksson hdl.)
gegn

Íslenzkum Aðalverktökum s/f

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum